

Þeir lifðu í náinni snertingu við veröld andanna, ef svo mætti segja. Allt mannlegt ólán, hvort heldur það var léleg veiði, veikindi eða slæmt veðurfar, var að þeirra áliti refsingar andanna vegna þess að menn fóru ekki nógu nákvæmlega eftir þeim flóknu reglum, sem bar að viðhafa. Allur heimurinn var í hárfinu jafnvægi og þetta jafnvægi gat raskast ef hegðun manna var ekki kórrétt. Aðeins var sérstökum töframönnum með miðilshæfileika gefið að sjá andana. Þessir miðlar voru lykilmenn í þeirri varnarstöðu, sem mannlegar verur stóðu í gagnvart andaheiminum. Miðlarnir féllu í trans og yfirgáfu líkama sína þegar svo bar undir og þá gátu þeir heim-sótt andaheiminn. Og á ári hverju voru haldnar fjórar stórhátíðir með flóknum helgisíðum, söng og dansi til þess að heiðra andana.

Heimsmýnd eskimóanna var á þann veg, að alheimurinn væri úr nokkrum lögum. Þetta var eins og margra hæða hús, þar sem menn búa á sumum hæðum og andar á öðrum. Að fara milli hæða var mögulegt, en mjög hættulegt. Það var á þessum efri tilverustigum, að dýr breyttu sér í önnur dýr, eða jafnvel í menn.

Andarnir heita *inua* á máli eskimóa, en *inúítar* eru fólk, persónur. Hvert dýr hefur sitt *inua* og það sem merkilegra er: Hver einstaki hlutur hefur sitt *inua*, sinn anda. Miðlarnir einir höfðu hæfileika til að sjá anda dýra og hluta. Þetta kemur vel fram á sýningunni í þá veru að lítil andlitsmynd er skorin út í hlutinn. Það er *inua* hlutarins. Andi látinnar persónu gat líka tekið sér bólfestu í nýlega fæddu barni, einkum ef barnið var skýrt eftir hinum látna. Í þorpunum við Beringsundið var föst venja, að barn var skýrt eftir þeim, sem síðast hafði látist.

Í þessari andlegu veröld eskimóanna var allt samtengt; allt í eilífri hringrás, sem ekki mátti trufla. Veiðin út af fyrir sig gat ekki valdið truflun. En það var ekki sama hvernig að henni var staðið. Sem dæmi þar um má nefna lítið áhald, ísklóru, sem veiðimenn notuðu þegar þeir nálguðust sel, þar sem hann lá á ísnum. Á enda skaftsins var útskorðið selshöfuð með veiðihárum og átti að blíðka anda hinnar tilvonandi bráðar, en sjálf klóran var úr selaklóm og af henni varð nákvæmlega sama hljóð og þegar selurinn skriður eftir ísnum, eða svo töldu eskimóar.

Útskornar grímur gegndu mikilvægu hlutverki gagnvart andaheiminum. Miðlar einir gátu séð *tunghat*, illa anda, sem gátu sótt að þorpunum, en tækist miðli að sigra slíkan anda, varð hann á eftir hjálparandi í þjónustu miðilsins, sem jók völd hans og áhrif. Sumar þessara gríma eiga að sýna þessa varasömu anda, eða voru notaðar í viðureigninni við þá. Til er skrifleg frásögn eftir rússneskan hermenn, Zagoskin, sem var á ferðinni við Beringsundið 1842 og varð vitni að svofeldri uppkomu:

„En nú opnast gatið á þakinu og í einu vettvangi rennir dansari sér þar niður á sviðið; fjórar konur stilla sér upp við hlið hans. Dansarinn er með grímu með stílfærðri mynd af hrafn og nú hoppar hann um sviðið, krunkar eins og hrafn undir taktföstum hrynjandi trumbuleiks og syngur. Dansarinn er í gervi hrafn, hann hoppar eins og fugl, en stundum ber hann sig til eins og maður, sem gengur allt í haginn. Textinn sem dansarinn syngur er eitthvað á þessa leið: Miðill býr í húsi sínu. Hann er hungraður, en tekur eftir því að hvert sem hann fer, fylgir honum hrafn og truflar hann. Sé miðillinn á eftir veiðidýri, þá lætur hrafninn dýrinu bregða, svo miðillinn kemst ekki að því með boga sinn. Leggi maðurinn snöru fyrir héra, þá stuggar hrafninn við héra og leggi maðurinn gildru fyrir fisk, þá hefur hrafninn einhver ráð með að bæggja fiskinum frá. „Hver ert þú?“ hrópar maðurinn að lokum. En andinn í líki hrafnins brosir og svarar: „Ég er þinn illi andi!““

## NÚTÍMI VIÐ BERINGSUND

Samkomur eins og þær sem hér er lýst heyra nú sögunni til. Veröld andanna hefur vikið fyrir nýjum síðum; en það gerðist ótrúlega seint. Það var ekki fyrr en á síðari hluta 19. aldar, að trúboðar turnuðu mönnum til kristni á þessum slóðum. Í þorpunum eru nú ofur venjuleg timburhús, en lítið um gatnagerð. Víða eru aðeins lagðir plankar til að ganga á. Á vetrum er vélknúinn snjósleði ómissandi farartæki og enn sem fyrr lifa eskimóarnir við Beringsundið af veiðum. Eins og fyrr segir hefur Greenpeace eyðilagt fyrir þeim selskinnamarkaðinn, en það er samt af nógu að taka í ríki náttúrunnar og nóg af minki, otrum og björnum.

Þjóðvegakerfið nær til Anchorage og þaðan er vegur svo til þvert norður yfir landið; hann var lagður vegna olíuleitar þar norðurfrá og olíuleiðslanna þaðan og suður. En frá þeim vegi er enn óraleið vestur að Beringsundi og á því svæði eru engar nútíma samgöngur til. Inupiak og Yupik-eskimóar fá því að vera nokkurnveginn í friði fyrir hinni ágengu, vest-rænu menningu enn um sinn.

GÍSLI SIGURDSSON

ATLI HARÐARSON

## Ástardraumurinn

Mig dreymdi að ég væri sofandi fjármálaráðherra og himneskir skriffinnar vitjuðu mín í draumi og segðu:

„Þetta mistókst síðast, en nú skulum við kenna þér að byrja raunverulegan ástardrykk.“

(Þú skalt ekki geyma hann á sömu flöskum og þann gamla, þennan sem mistókst.

Hentu öllum flöskum sem merktar eru ÞJÓÐARSÁTT.

Fáðu þér svo gyllt ker og láttu skrifa á þau ALHEIMSBRÆÐRALAG.

Í þessum kerum skaltu geyma drykkinn góða.)

Hér kemur uppskriftin:

Þú tekur aðila vinnumarkaðarins (verður að ná þeim lifandi) og ferð með þá inn í gamla rúgbrauðsgerð (undir fullu tungli)

svo hellir þú ofan í þá 666 blaðsíðum af hvíttri lygi og 375 millilítrum af svartadauða og hrærir í fram yfir þinglausnir.

Ef efnin blandast ekki eða einstakir verkalfóðsleiðtogar hlaupa í kekki þá verður að ráða 3 hagfræðinga (sem allir hafa krókóðil í hjartastað og eru ekki á nokkurn hátt óvenjulegir) láta þá hreinsa lygina, betur og byrja svo upp á nýtt annars skaltu kynda undir fram eftir nóttu.

Þegar drykkurinn er tilbúinn getið þið farið heim að sofa. Útvarpsstöðvarnar hella honum sjálfkrafa í þjóðina daginn eftir og hún fær strax ótakmarkaða ást á þér og aðeins þér.“

Þegar ég vaknaði í draumnum tók ég strax að lofsyngja visku hinna himnesku skriffinna.

Þegar ég vaknaði af draumnum ákvað ég að hafa slökkt á útvarpinu.

Höfundur býr á Akranesi

SIGURÐUR INGÓLFFSSON

## Á barnaheimili

(Tileinkað börnunum á Vesturborg)

Á morgnana koma þau til þess að hertaka heiminn hlæjandi sum en grátandi önnur að vonum. Og þar blandast hefðarfólk íslenskum alþýðusonum og óskabörn framtíðar standa og horfa út í geiminn.

Sum þeirra öskra af algerri snilld eins og gengur með óperustyrk og tilburðum leikara á sviði. Sum eru lítil og önnur á eilífu iði og eflaust mun menningu verða að þeim talsverður fengur.

Þar eru ráðamenn framtíðar þessarar þjóðar, þjóðskáld og listamenn, stórmenni og andlegir sóðar og fólk sem mun sér í kerfinu tapa og týna. Er deginum lýkur býr kynslóðin sig til að kveðjast þau kássast í þeim sem að sækja, og flest þeirra gleðjast, svo ryðjast þau heim til að ráðskast með foreldra sína.

Höfundur er bókmenntafræðingur.

GEIR G. GUNNLAUGSSON

## Öryggisleysi


Öryggið er lítið í alheimsmannabyggð enginn treystir framar á drengskap eða tryggð. Feigðin styður hendi á hlaðinn byssugikk og efnin blandar eitri í andans svaldrykk.

Höfundur býr í Lundi í Fossvogi.

ERLENDAR

BÆKUR


Guðbrandur Siglaugsson tók saman



Stephen Dobyns: The Two Deaths of Senora Puccini. Penguin Books.

Það er borgarastyrjöld í einu af ríkjum Suður-Ameríku. Gamli skólafélagar ætla að snæða saman hjá lækni úr þeirra hópi. Forföll eru mikil vegna ástandsins í landinu, götur fullar af hermönnum og hættum. Sögumaður er fyrstur í samkvæmið. Ráðskona læknisins hleypir honum inn og vísar til stofu. Þar dvelst hann góða stund einn og hugurinn reikar með augum um sali. Brátt bæstast aðrir skólafélagar í hópinn og hver hefur frá einhverju að segja. Gestgjafinn er umræðuefni þeirra og sýnist sitt hverjum um heilindi hans og líf. Loks birtist gestgjafinn og styrjöldin geisar úti fyrir. Hermenn leita skjóls í húsakynnum læknisins, liðsforingi nokkur er óvinveittur menntamönnum en rostinn er lækkaður í honum af yfirmanni hans. Skólafélagarnir segja af sjálfum sér og með galdri fær lesandinn það á tilfinninguna að hann sé staddur í annarra draumum.

Þetta er áleitinn saga og ánægjuleg reynsla að lesa hana. Eins og kommóða með fjölmörgum leynihólfum, lygum, sannindum, sárindum og dulúð. Ráðskonan er miðpunktur sögunnar. Læknirinn hefur farið með hana eins og hann lysti, niðurlægt hana á allan hátt en loks nær hún fram hefndum.



Robert Crais: The Monkey's Raincoat. Penguin Books.

Höfundur þessarar bókar hefur starfað að gerð sjónvarpsþátta á borð við Hill Street Blues og Miami Vice. Hann býr í Kaliforníu og er þessi reyfari fyrsta skáldsaga hans. Henni var dæmalaust vel tekið þegar hún birtist og hlaut hann verðlaun fyrir hana. Hér ríkir knappi stíllinn með kækjum sínum og hnyttirðum, plottið er margsnúið roð um mannrán, kókaín, morð og undirferli. Einkaspæjarinn Elvis Cole er fyrrverandi hermaður og leika vopnin vitaskuld í höndum hans. Hann rekur skrifstofu með kunningja sínum sem talar álíka mikið og Clint Eastwood, er sjaldan nálægur en alltaf hægt að ná í hann í síma í vopnabúðinni. Sá reynist heldur en ekki harðsvíraður þegar á reynir. Aparegnkápan þessi er nokkurra stunda gaman en tæpast meira.